

Byr sparisjóður

**Samstæðuársreikningur
2008**

Byr sparisjóður
Borgartúni 18
105 Reykjavík

Kt. 610269-2229

Efnisyfirlit

	bls.	Skýringar:	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á ársreikninginn	3	Almennar upplýsingar	10
Áritun óháðs endurskoðanda	5	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	10
Rekstrarreikningur	6	Áhættustýring	21
Efnahagsreikningur	7	Skýringar við rekstrarreikning	28
Eiginfjáryfirlit	8	Skýringar við efnahagsreikning	31
Sjóðstreymisyfirlit	9	Liðir utan efnahagsreiknings	39

Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda

Rekstur ársins 2008

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Byrs sparisjóðs og dótturfélaga hans. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Þann 19. mars 2008 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Byr sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga. Reikningsskilalega voru sjóðirnir sameinaðir frá 1. apríl 2008 og er rekstur Sparisjóðs Norðlendinga frá 1. janúar til 31. mars 2008 því ekki meðtalinn í ársreikningnum.

Tap varð af rekstri sjóðsins á árinu 2008 að fjárhæð 28.881 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 16.213 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 8,3% hjá samstæðunni. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Í árslok var stofnfé sjóðsins 30.608 millj. kr. Stofnfjáraðilar voru 1.509 í árslok og fjölgaði um 187 á árinu, þar af fjölgaði þeim um 138 við samrunann við Sparisjóð Norðlendinga.

Áhrif þróunar á fjármálamarkaði

Í byrjun október voru sett neyðarlög um fjármálamarkaði og voru skilaneindir sendar inn í viðskiptabankana í framhaldi af því. Bankahrunið og þróun á fjármálamarkaði almennt hefur haft verulega áhrif á rekstur sjóðsins og viðtæk áhrif í viðskiptalífínu. Möguleikar viðskiptavina Byrs sparisjóðs til endurgreiðslu skuldbindinga sinna við sjóðinn hafa rýrnað og varúðarniðurfærslur hækkað mikið vegna þess. Það mun taka tíma að meta endanlega áhrif hrunsins. Byr sparisjóður átti bæði eignir og skuldir við viðskiptabankana á þeim tíma sem þeir voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu. Byr hefur metið þær stöður og fært áhrif þess í ársreikninginn.

Byr sparisjóður er í dag með erlend lán að fjárhæð 35.349 millj. kr. þar sem lánaskilmálar kveða á um lágmarks eiginfjárlutfall og uppfyllir sparisjóðurinn ekki þau skilyrði. Sparisjóðurinn hefur hafið viðræður við lánadrottna vegna þessa.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2008, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda, frh.:

Stjórn og sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2009.

Stjórn

Jón Kristjánsson

Jóhanna Waagfjörð

Ágúst Már Ármann

Birgir Ómar Haraldsson

Jón Kr. Sólnes

Sparisjóðsstjóri

Ragnar Z. Guðjónsson

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Byr sparisjóði.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Byrs sparisjóðs og dótturfélaga ("samstæðan") fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2008, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 13. mars 2009.

KPMG hf.

Sigurður Jónsson

Ólafur Már Ólafsson

Rekstrarreikningur

fyrir árið 2008

	Skýr.	2008	2007
		1.1.-31.12.	1.1.-31.12.
Vaxtatekjur		33.684.048	12.995.985
Vaxtagjöld		(26.334.898)	(10.292.694)
Hreinar vaxtatekjur.....	45	7.349.150	2.703.291
Þjónustutekjur		1.470.766	842.127
Þjónustugjöld		(330.606)	(288.381)
Hreinar þjónustutekjur.....	46	1.140.160	553.746
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	47-50	(7.738.598)	5.972.876
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага	72	(2.427.362)	363.805
Ýmsar rekstrartekjur	51	55.493	4.291.192
Aðrar rekstrartekjur samtals.....		(10.110.467)	10.627.873
Hreinar rekstrartekjur.....		(1.621.157)	13.884.910
Laun og launatengd gjöld	53	(2.197.939)	(1.453.621)
Annar rekstrarkostnaður		(2.716.906)	(1.940.083)
Afskriftir	73	(94.653)	(60.807)
Rekstrargjöld samtals.....		(5.009.498)	(3.454.511)
Virðisrýrnun útlána og krafna	64	(25.378.342)	(816.763)
Virðisrýrnun óefnislegra eigna	74	(3.824.139)	0
(Tap) hagnaður fyrir skatta.....		(35.833.136)	9.613.636
Tekjuskattur	56	6.951.721	(1.684.521)
(Tap) hagnaður ársins.....		(28.881.415)	7.929.115

Skýringar á bls. 10 - 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Efnahagsreikningur

31. desember 2008

Eignir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	58	37.176.749	3.611.888
Kröfur á lánastofnanir	59-60	11.228.259	28.518.770
Útlán til viðskiptamanna	61-64	172.325.172	117.737.319
Veltufjáreignir	65	4.298.155	5.630.350
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	67-69	13.581.344	14.345.443
Hlutdeildarfélag	72	1.358.161	3.072.921
Rekstrarfjármunir	73	2.894.617	1.859.428
Óefnislegar eignir	74	1.317.999	4.756.197
Fjárfestingafasteignir	75	3.971.673	1.429.426
Skatteign	83	3.217.509	0
Aðrar eignir	76	1.839.357	3.890.739
Eignir samtals.....		253.208.995	184.852.481
Skuldir			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	77	6.622.263	10.827.527
Almenn innlán	78	144.600.042	70.102.064
Lántökur	79-80	78.169.095	41.540.666
Víkjandi lán	81	3.271.949	2.256.441
Lífeyrisskuldbinding	82	1.366.498	1.170.380
Skattskuld	83-84	0	3.477.117
Aðrar skuldir	85	2.965.929	2.281.341
Skuldir samtals.....		236.995.776	131.655.536
Eigið fé			
Stofnfé		30.608.437	27.287.009
Varasjóður		(14.395.218)	25.909.936
Eigið fé samtals.....	86	16.213.219	53.196.945
Skuldir og eigið fé samtals.....		253.208.995	184.852.481

Skýringar á bls. 10 - 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit

fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2008

Breytingar á eigin fé árið 2007:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1. janúar 2007	231.377	13.685.616	13.916.993	30.864	13.947.857
Samruni við Sparisjóð Kópavogs	479.991	4.629.728	5.109.719		5.109.719
Breyting minnihluta			0	(30.864)	(30.864)
Endurmat á stofnfé	295.652	(295.652)	0		0
Innborgað stofnfé	26.279.989		26.279.989		26.279.989
Arðgreiðslur		(38.871)	(38.871)		(38.871)
Hagnaður ársins		7.929.115	7.929.115		7.929.115
Eigið fé 31. desember 2007	<u>27.287.009</u>	<u>25.909.936</u>	<u>53.196.945</u>	<u>0</u>	<u>53.196.945</u>

Breytingar á eigin fé árið 2008:

Eigið fé 1. janúar 2008	27.287.009	25.909.936	53.196.945	0	53.196.945
Samruni við Sparisjóð Norðlendinga	2.908.448	2.046.966	4.955.414		4.955.414
Innborgað stofnfé	412.980		412.980		412.980
Arðgreiðslur		(13.470.706)	(13.470.706)		(13.470.706)
Tap ársins		(28.881.415)	(28.881.415)		(28.881.415)
Eigið fé 31. desember 2008	<u>30.608.437</u>	<u>(14.395.219)</u>	<u>16.213.218</u>	<u>0</u>	<u>16.213.218</u>

Skýringar á bls. 10 - 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

fyrir árið 2008

Rekstrarhreyfingar:	2008	2007
(Tap) hagnaður fyrir skatta.....	(35.833.136)	9.613.636
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur	(38.646.551)	(2.613.689)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	72 2.427.362	(363.805)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	0	(52.394)
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	73 94.653	47.856
Afskriftir óefnislegra eigna	74 3.824.139	12.952
Virðisrýrnun útlána.....	64 25.378.342	816.763
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Veltufjáreignir	1.332.195	1.178.250
Útlán og kröfur	6.007.483	(46.062.333)
Fjáreignir á gangvirði	(1.362.973)	(1.171.054)
Aðrar eignir	2.971.920	(3.235.684)
Innlán	53.158.683	8.364.769
Lántaka	26.176.481	7.022.800
Lífeyrisskuldbinding	196.118	247.246
Skattskuld	3.557.217	(82.301)
Aðrar skuldir	530.803	1.351.297
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	49.812.736	(24.925.691)
 Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum.....	(496.637)	(520.904)
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	74 (110.374)	(221.337)
Söluverð óefnislegra eigna.....	0	118.000
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	73 (856.847)	(1.169.195)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	76.470
Fjárfestingafasteignir.....	75 (2.542.247)	(1.264.176)
Fjárfestingarhreyfingar.....	(4.006.105)	(2.981.142)
 Fjármögnunarhreyfingar:		
Víkjandi lán.....	35.282	(52.441)
Innborgað stofnfé.....	412.980	26.279.989
Hlutdeild minnihluta.....	0	(30.864)
Arðgreiðslur	(13.470.706)	(38.871)
Fjármögnunarhreyfingar.....	(13.022.444)	26.157.813
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	32.784.187	(1.749.020)
Handbært fé í ársbyrjun	6.351.093	8.026.169
Yfirtekið við samruna.....	29.473	73.944
Handbært fé í árslok	39.164.753	6.351.093

Skýringar á bls. 10 - 39 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýringar við ársreikninginn

Almennar upplýsingar

1. Upplýsingar um Byr sparisjóð

Byr sparisjóður er starfandi og staðsettur á Íslandi. Félagið er með höfuðstöðvar við Borgartún 18, Reykjavík. Sparisjóður Norðlendinga sameinaðist Byr sparisjóði í apríl 2008. Samstæðureikningur ársins 2008 hefur að geyma ársreikning Byrs sparisjóðs og dótturfélaga hans.

Hlutverk Byrs sparisjóðs er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Þjónusta Byrs felur í sér almenna bankaþjónustu, verðbréfaþjónustu og eignastýringu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Byrs sparisjóðs heimilaði birtingu ársreiknings samstæðunnar 13. mars 2009.

b) Matsaðferðir

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að:

- Veltufjáreignir (þ.á.m. afleiðusamningar) eru færðir á gangvirði
- Fjármálagerningar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði
- Fjárfestingafasteignir eru færðar á gangvirði

Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 42.

c) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Byrs sparisjóðs og dótturfélaga. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d) Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa verulega áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 34.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

3. Grundvöllur samstæðu

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirlit. Yfirlit eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirlit eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirlitum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirlit nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar eru og útgefinna eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram

Skýringar við ársreikninginn

gangvirði eignarluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi.

b) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystar tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Ópeningalegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar í íslenskar krónur á gengi þess dags er gangvirði var ákvarðað. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

5. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagi felur í sér viðskiptavild sem skilgreind er við kaup.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélögum er skráð sem eign til sölu er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði hvort sem lægra reynist.

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda eru afföll, yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætla samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra sammingsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða safn sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við útreikning á virðisrýrnuninni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

- Vextir sem reiknast á fjáreignir og skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði miðast við virka vexti
- Vextir sem reiknast á veltufjáreignir og skuldir og á fjáreignir sem metnar eru á gangvirði á rekstrargrunni.

Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna og skulda á gangvirði í rekstrarreikningi eru birtar í hreinum tekjum af fjáreignum og fjárskuldum.

Skýringar við ársreikninginn

7. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Samstæðan veitir viðskiptavininum sínum ýmsa þjónustu sem þeir greiða fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknarir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem samstæðan kaupir. Þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

8. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér tekjur og gjöld af veltufjáreignum og veltufjárskuldum, hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði, arðstekjur og gjaldeyrismun. Vaxtatekjur og vaxtagjöld af þessum liðum eru færðar meðal vaxtatekna og vaxtagjalda í rekstrarreikningi.

9. Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en veltufjáreigna og fjáreigna tilgreindra á gangvirði, er yfirfarið á hverjum reikningsskiladegi til að ákvarða hvort hlutlægar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef hlutlægar vísbendingar eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar hennar verður herra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

a) Virðisrýrnun útlána

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstaka lán og hins vegar á tiltekin lánasöfn. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir fjárhagslega eign vegna fjárhagsvandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt lækkun verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda í flokknum; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Mat einstakra útlána

Virðisrýrnun á einstökum lánnum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfalli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til:

- heildaráhættu samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæða og tímasetningu væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegum greiðslum til samstæðunnar við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söliverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegum frádrætti kostnaðar við innheimtu útstandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfærð verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í sérstakan afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Skýringar við ársreikninginn

9a frh.:

Mat á söfnum útlána

Þar sem lán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána sem hafa rýrnað að virði á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til:

- framtíðarsjóðstreymis lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- sögulegrar tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaðs tíma frá því virðisrýrnun varð þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftarreikning;
- mats stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

Bakfærsla virðisrýrnunar

Ef virðisrýrnun minnkar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var færð í rekstrarreikning, þá er áður færð virðisrýrnun bakfærð í rekstrarreikningi.

Fullnustueignir

Fastafjármunir sem fengnir eru vegna fullnustu krafna eru skráðir sem fastafjármunir til sölu og færðir í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvoru sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir af fastafjármunum til sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eru færðar á rekstrarreikning, að því marki sem þær eru ekki umfram heildarvirðisrýrnun.

b) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum samstæðunnar í fjáreignum sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknaðar sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

10. Virðisrýrnun viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar er metið á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar er framkvæmt árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem skapar handbært fé og er sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild sem tengist fjárskapandi einingu og síðan hlutfallslega til lækkunar á öðrum eignum hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er nýtingarvirði hennar eða hreint söluverð hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar eða fjárskapandi einingar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Skýringar við ársreikninginn

11 frh.:

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framúðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

12. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Handbært fé í efnahagsreikningi er fært með áföllnum vöxtum.

13. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar eða útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá gerninga sem samstæðan tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem samstæðan veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem samstæðan tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

14. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði.

Veltufjáreignir eru metnar á gangvirði. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning í liðinn hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum. Vaxta- og arðstekjur af þessum eignum eru færðar meðal vaxtatekna og arðstekna í rekstrarreikningi. Veltufjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega flokkun.

15. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þætti (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðsþáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Samstæðan notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast fjárhagslegri áhættu.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem vextir og gengismunur. Vextir eru færðir á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamninga með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og samningarnir eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrd í skýringu 17.

16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði þegar að sú tilgreining skilar betri upplýsingum, þar með talið til lykilstjórnenda samstæðunnar. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar við ársreikninginn

17. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Þegar framkvæmd eru viðskipti eru fjármálagerningar metnir í upphafi á gangvirði. Markaðsverð eru álitin besta vísbending um gangvirði, jafnvel þó að virði samkvæmt matslíkönnum sé ólíkt markaðsverðum. Ef mismunur er á milli gangvirði vegna matsaðferðar er hann færður í rekstrarreikning eftir aðstæðum hverju sinni og ekki seinna en þegar markaðsupplýsingar verða sýnilegar.

18. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármunir eru afhentir lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar samstæðan verður hluti af sammingsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldareigandi fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

Samstæðan gerir viðskipti þar sem bókfærðar eignir í efnahagsreikningi eru yfirfærðar en haldið er eftir annaðhvort að hluta eða að öllu leyti áhættu og ávinningi af þeim. Ef allri eða nær allri áhættu og ávinningi er haldið eftir þá er færslu yfirfærðrar eignar í efnahagsreikningi ekki hætt. Yfirfærsla eigna þar sem haldið er eftir allri eða næstum allri áhættu og ávinningi samanstendur til dæmis af verðbréfalánveitingum og endurkaupum.

Þau réttindi og skyldur sem haldið er eftir við yfirfærslu eru færð hver fyrir sig sem eignir og skuldir eftir því sem við á. Við yfirfærslu þar sem yfirráðum yfir eigninni er haldið eftir heldur samstæðan áfram að færa eignina að því leyti sem aðildin nær áfram til og á grundvelli umfangs áhrifa vegna virðisbreytingar yfirfærðrar eignar.

Í vissum viðskiptum heldur samstæðan eftir réttindum til að veita þjónustu til yfirfærðrar fjáreignar gegn endurgjaldi. Hætt er færslu yfirfærðrar eignar að öllu leyti ef hún uppfyllir öll viðeigandi skilyrði sem gilda þar um. Eign eða skuld er færð að því er lýtur að þjónusturéttindum eftir því hvort þjónustugjaldið sé nægilega hátt til að það nái að bæta upp kostnað vegna þjónustunnar (eign) eða hvort það sé of lágt þannig að það nái ekki að bæta upp kostnað vegna þjónustunnar (skuld).

19. Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Tekjum og gjöldum er einungis jafnað saman þegar reikningsskilareglur leyfa það. Jafnframt er hagnaði og tapi jafnað saman þegar uppruninn er frá svipuðum viðskiptum eins og viðskiptum með veltufjáreignir.

20. Sölu- og endurkaupasamningur

Sölu- og endurkaupasamningar eru samningar um sölu og endurkaup verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru keypt aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Kaup- og endursölusamningar eru samningar um kaup og endursölu verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru seld aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Fengið handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært í efnahagsreikning sem innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka. Greitt handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært sem kröfur á lánastofnanir. Áfallnir vextir eru færðir sem vaxtagjöld eða vaxtatekjur á líftíma hvers sammings.

Í tilviki sölu- og endurkaupasamninga eru yfirráð yfir verðbréfunum áfram hjá samstæðunni á samningstímanum og verðbréfin eru áfram færð í efnahagsreikning sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði.

Skýringar við ársreikninginn

21. Leigusamningar

Samstæðan flokkar leigusamninga byggt á því hvort áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til samstæðunnar eða ekki. Fjármögnunarleigusamningur er leigusamningur þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á eigninni, eru efnislega færð yfir til leigutakans. Rekstrarleigusamningur er hvers konar leigusamningur sem ekki telst fjármögnunarleigusamningur.

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á líftíma leigusamningsins.

22. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum. Í sameiningum sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýmun. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýmunarpróf vegna hennar.

23. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar	20-50 ár
Innréttingar	5 ár
Áhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	5-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

24. Fjárfestingafasteignir

Fjárfestingafasteignir eru fasteignir sem ýmist eru nýttar til öflunar leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvors tveggja. Fjárfestingafasteignir eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Þegar nýting eignar breytist þannig að fjárfestingafasteign er endurflokkuð sem rekstrarfjármunur, er gangvirði hennar talið kostnaðarverð í reikningsskilum þaðan í frá.

25. Fullnustueignir

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru skráðir sem fullnustueignir og færðar í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýnun, hvort sem lægra reynist.

26. Innlán

Innlán eru upphaflega færð á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Skýringar við ársreikninginn

27. Lántökur

Lántökur samstæðunnar eru einkum útgefin skuldabréf og lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántöku.

28. Víkjandi lán

Byr sparisjóður hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli. Bréfin teljast til eiginfjárpáttar B og endurgreiðast skuldabréfin á næstu 7 árum. Uppgreiðsla víkjandi lána er alltaf háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

29. Fjárhagslegar ábyrgðir

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagernings.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru upphaflega færðar á gangvirði og er gangvirði fært í rekstrarreikning á áætluðum líftíma sammingsins. Samningurinn er síðan bókfærður á hvoru sem hærra reynist, upphaflegu gangvirði, að teknu tilliti til tekjufærðra þóknana, eða núvirði væntra greiðslna, þegar greiðsla vegna ábyrgðar er líkleg. Fjárhagslegar ábyrgðir eru færðar í efnahagsreikning meðal annarra skulda.

30. Starfsmannatengdar greiðslur

a) Greiðslur í lífeyrissjóð

Samstæðan greiðir mótframlög í lífeyrissjóði vegna starfsmanna samstæðunnar og eru þau færð í rekstrarreikning sem laun og launatengd gjöld þegar þau falla til.

b) Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlauna er núvirði skuldbindingarinnar á uppgjörstegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við 2,0% verðtryggha ávöxtunarkröfu.

31. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

32. Eigið fé

a) Eigin bréf

Stofnfé sem innleyst er (eigin bréf), er fært til lækkunar á eigin fé.

b) Varasjóður

Á varasjóð er færð afkoma ársins, en endurmat ársins er fært til lækkunar á varasjóð.

c) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur af stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi.

Skýringar við ársreikninginn

33. Reikningsskilastaðlar sem ekki hafa verið innleiddir

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa samstæðureiknings.

Í endurbættum IAS 1 *Framsetning reikningsskila (2007)* er kynnt hugtakið heildarafkoma, sem samanstendur af breytingum á eigin fé, öðrum en breytingum á eigin fé vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda. Heildarafkomu er heimilt að setja fram í einu yfirliti um heildarafkomu (sem samanstendur af rekstrarreikningi og öllum hreyfingum á eigin fé öðrum en vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda), eða í tveimur yfirlitum (þ.e. annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkomu). Endurbættur IAS 1 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega hafa veruleg áhrif á framsetningu samstæðureikningsins. Er ráðgert að setja yfirlit um heildarafkomu fram í einu yfirliti.

Í endurbættum IAS 23 *Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hennar. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar og mun innleiðing hans því ekki hafa nein áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2009.

Í endurbættum IFRS 2 *Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnsluskilyrði og ógilding (2008)* er hugtakið ávinnsluskilyrði skilgreint nánar og kynnt hugtak um önnur skilyrði sem teljast ekki vera ávinnsluskilyrði (e. non-vesting conditions). Gerð er krafa um að þau skilyrði sem ekki teljast ávinnsluskilyrði séu einnig hluti af gangvirði á sammingsdegi. Þá koma fram reglur um reikningsskilalega meðferð skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskilyrði og um ógildingunni samninga um eignarhlutatengdar greiðslur. Verði endurbættur IFRS 2 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Möguleg áhrif af innleiðingu staðalsins hafa ekki ennþá verið greind hjá samstæðunni.

Endurbættur IFRS 3 *Sameiningar fyrirtækja (2008)* innleiðir eftirfarandi breytingar sem munu líklega hafa áhrif á rekstur samstæðunnar:

- Skilgreiningin á rekstri hefur verið útvíkkuð, sem mun líklega leiða til þess að fleiri kaup verði skilgreind sem sameining fyrirtækja.
- Skilyrtar greiðslur verða metnar á gangvirði og síðari breytingar þeirra færðar í rekstrarreikning.
- Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tilheyrir útgáfu verðbréfa, verður gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Þeir hlutir sem fjárfestir á áður en hann öðlast yfirráð eru metnir á gangvirði á yfirtökudegi og hagnaður eða tap færður í rekstrarreikning.
- Hlutdeild minnihluta verður metin annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í aðgreinanlegum eigum og skuldum yfirtekens rekstrar, miðað við hver kaup fyrir sig.

Endurbættur IFRS 3 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Beita skal staðlinum á viðskipti sem eiga sér stað eftir gildistöku hans og hefur innleiðing hans því engin áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar.

Í endurbættum IAS 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (2008)* er gerð krafa um að færa áhrif af breyttri eignarhlutdeild í dótturfélagi, sem felur ekki í sér breytingu á yfirráðum, sem eiginfjárbreytingu. Þegar samstæðan missir yfirráð yfir dótturfélagi er hluturinn sem eftir verður í eigu samstæðunnar metinn á gangvirði og hagnað eða tap fært í rekstrarreikning. Endurbættur IAS 27 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

Í endurbættum IAS 32 *Fjármálagerningar: framsetning* og IAS 1 *Framsetning reikningsskila – innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við slit* er gerð sú krafa, að innleysanlegir fjármálagerningar og gerningar sem skylda einingu til að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan hlut í hreinum eignum einingar eingöngu við slit séu flokkuð sem eigið fé, að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Endurbæturnar gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Skýringar við ársreikninginn

33. frh.

Í endurbættum IAS 39 *Fjármálagæringar: skráning og mat – Hæfir áhættuvarnarliðir* eru veittar nánari útskýringar á beitingu gildandi reikningsskilareglna sem taka til þess hvort tilteknar áhættur eða hluta sjóðstreymis eru talin hæf fyrir tilgreiningu í áhættuvarnarsambandi. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Sem lið í fyrsta árlega endurbótarferli, gerði Alþjóðlega reikningsskilaráðið tilteknar breytingar á reikningsskilastöðlum. Gildistaka breytinganna er ólík á milli staðla en flestar gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009. Ekki er talið að endurbæturnar hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 13 *Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem starfrækja, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta nýtt inneign sína með því að fá ókeypis eða með afslátt vörur eða þjónustu. Verði IFRIC 13 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 15 *Samningar um byggingu fasteigna* gildir um skráningu tekna og tilheyrandi gjalda hjá einingum sem ráðast sjálf í byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Verði IFRIC 15 samþykkt af Evrópusambandinu gildir túlkunin um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 en ekki er talið að hún hafi nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 16 *Áhættuvarnir vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi* eru ýmis hugtök vegna slíkra fjárfestinga skýrð. Túlkunin mun ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 17 *Úthlutun eigna til eigenda, öðrum en reiðufé* eru veittar leiðbeiningar um skráningu, mat og uppgjör á skuldum vegna úthlutunar eigna til eigenda, sem ekki er í formi reiðufjár. Verði IFRIC 17 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 18 *Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* kveður á um með hvaða hætti skal færa tilteknar eignir í reikningsskilum þeirra aðila sem móttaka eignirnar frá viðskiptavinum sínum. Verði IFRIC 18 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um eignir sem eru móttæknar frá viðskiptavinum eftir 1. júlí 2009. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Ein túlkun, IFRIC 12 *Samningar þjónustuúvilnun*, tók gildi fyrir árið 2008 en hefur ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings vegna þess að Evrópusambandið hefur ekki ennþá samþykkt hana. IFRIC 12 inniheldur leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 samþykkt af Evrópusambandinu mun innleiðing hennar væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

34. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Stjórnendur samstæðunnar taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi samstæðunnar á næsta rekstrarári. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og mót byggð á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðarathurði þegar ákvarðanir um forsendur og mót eru teknar. Þeir liðir sem einkum eru háðir matsóvissu eru annars vegar virðisrýrnun útlána og hins vegar ákvörðun gangvirkis fjármálagæringa.

Skýringar við ársreikninginn

b) *Virðisrýrnun útlána*

Stjórnendur endurskoða útlánasafn samstæðunnar til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þurfa stjórnendur samstæðunnar að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

b) *Gangvirði fjármálagerninga*

Gangvirði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Nánar er fjallað um ákvörðun gangvirðis í skýringum 44.

Skýringar við ársreikninginn

Áhættustýring

35. Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálastofnun stendur Byr sparisjóður frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur félagsins verja umtalsverðum tíma í að stýra þessari áhættu. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining verulegra áhættuþátta, mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og stöðugt eftirlit með henni. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér á eftir sem eru mótaðilaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta og rekstraráhætta.

Áhættustefna Byr sparisjóðs

Í starfsemi Byrs felst margvísleg áhætta. Það er órjúfanlegur hluti af starfsemi fjármálafyrirtækja að taka áhættu og mæla og fylgjast með áhættu í starfsemi sinni og sama gildir um Byr. Markmiðið er að hafa vitneskju um alla áhættuþætti sem eru innbyggðir í starfsemina og skipta máli. Í því sambandi eru notaðar eftirlitsaðferðir, gerð álagspróf með reglubundnu millibili og fylgt tilteknum reglum og lögum. Með því móti er tryggt að áhættustig starfseminnar sé innan þeirra marka sem stjórn Byrs hefur sett og í samræmi við lög og reglur og samningsbundin ákvæði sem um Byr gilda og sem Byr er ætlað að starfa eftir.

Reglum Byrs um áhættustýringu og áhættuviðmið ásamt fjárfestingarheimildum sem innan Byrs gilda, er ætlað að tryggja að á hverjum tíma sé áhætta sem fylgir starfseminni þekkt. Það er gert með því að mæla og fylgjast með áhættu í rekstrinum. Reglunum er ætlað að draga úr því að ófyrirséðir atburðir hafi annað en óveruleg áhrif á starfsemi Byrs og jafnframt að hugsanleg áhrif á eiginfjárgrunn og afkomu Byrs séu fullkomlega viðráðanleg. Sérstöku sviði innan Byrs, áhættustýringu og útlánaeftirliti, er ætlað að starfa eftir reglunum og standa skil á þróun mála með skýrslugerð innan Byrs. Sviðið skal jafnframt greina án tafar frá öllum frávikum frá reglum og settum viðmiðum. Sviðið annast jafnframt hluta skýrslugerðar og samskipti við eftirlitsaðila á borð við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Seðlabanka Íslands.

Innan Byrs hefur áhætta í rekstrinum verið flokkuð í fjóra meginflokka; lausafjáraáhætta, útlánaáhætta, markaðsáhætta og rekstraráhætta. Hver af þessum fjórum meginflokkum er síðan brotinn niður í nokkra undirflokka. Flokkunin er hluti af reglum sem stjórn Byrs hefur ákveðið að starfað sé eftir og er áhættustýringu Byrs ætlað að fylgjast með þróun einstakra áhættuflokka.

Útlánaáhætta

36. Áhætta sem fylgir útlánunum er sá áhættuþáttur sem er mest tvinnuður saman við kjarnastarfsemi Byrs. Útlánaáhætta er skilgreind sem möguleg rýmun á tekjum og eigin fé Byrs sem bein afleiðing af því að lántaki eða mótaðili í viðskiptum getur ekki að hluta eða að öllu leyti staðið við umsamdar skuldbindingar sínar í viðskiptum við Byr. Möguleg útlánaáhætta kann að aukast þegar um náin tengsl milli stórra útlánaþega hjá Byr er að ræða eða landfræðileg eða atvinnugreinalæg skipting útlána felur í sér aukna samþjöppun í lánasafni Byrs. Áhættustýringu Byrs er meðal annars ætlað það hlutverk að fylgjast sérstaklega með þróun útlánaáhættu með hliðsjón af ofangreindum þáttum.

Byr starfar eftir reglum um stórar áhættuskuldbindingar þar sem kveðið er á um að heildarumfang á lánveitingum Byrs til eins aðila, eða til hóps aðila sem teljast fjárhagslega tengdir, fari ekki yfir 25% af eiginfjárgrunni Byrs. Innan Byrs gildir sú almenna regla að vægi slíkra lánveitinga fari ekki yfir 20% af eiginfjárgrunni. Þeir útlánaþegar sem Byr hefur veitt fyrirgreiðslu eða loforð um að veita fyrirgreiðslu sem nemur samtals 15% af eiginfjárgrunni eða meira, fyrir einstaka útlánaþega eða hóp tengdra útlánaþega, eru skoðaðir sérstaklega og álagsprófaðir miðað við ýktar sveiflur á undirliggjandi þáttum, svo sem gjaldmiðla, verðbréfa og annarra afurða á markaði.

	Fyrirgreiðslur til viðskiptavina		Fyrirgreiðslur til banka		Verðbréf	
	2008	2007	2008	2007	2008	2007
Útlán og kröfur	172.325.172	117.737.319	11.228.259	28.518.770	2.840.693	5.238.999
Skript eftir greinum						
Fyrirtæki	95.145.321	62.622.379				
Ríki og sveitarfélög	143.820	332.193			2.065.583	348.236
Fjármálafyrirtæki			11.228.259	28.518.770	7.440	
Einstaklingar og smáfyrirtæki	77.036.031	54.782.747				
Markaðsviðskipti					767.670	4.890.763
Samtals	172.325.172	117.737.319	11.228.259	28.518.770	2.840.693	5.238.999

Skýringar við ársreikninginn

36. frh.	Fyrirgreiðslur til viðskiptavina		Fyrirgreiðslur til banka		Verðbréf	
	2008	2007	2008	2007	2008	2007
<i>Skipt eftir svæðum</i>						
Ísland	167.534.433	113.541.353	11.228.259	28.518.770	2.840.693	5.238.999
Bretland	3.080.378	1.357.495				
Bandaríkin	439.727	41.399				
Norðurlönd	687.728	1.073.566				
Önnur Evrópulönd	1.353	1.559.021				
Önnur lönd	581.553	164.485				
Samtals	172.325.172	117.737.319	11.228.259	28.518.770	2.840.693	5.238.999

37. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:	2008	2007
Sérgreint framlag	23.483.658	651.575
Almennt framlag	1.804.426	1.105.316
Afskriftareikningur útlána	25.288.084	1.756.891

Breytingar á afskriftareikningi útlána greinist þannig:	Sérgreint framlag	Almennt framlag	2008 Samtals	2007 Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	1.105.316	651.575	1.756.891	747.744
Samruni sparisjóða	181.147	257.639	438.786	226.072
Virðisrýrnun útlána á árinu	22.743.130	895.212	23.638.342	816.763
Endanlega tapað	(573.291)		(573.291)	(35.216)
Innkomið áður afskrifað	27.356		27.356	1.528
Afskriftareikningur útlána í árslok	23.483.658	1.804.426	25.288.084	1.756.891

Virðisrýrð útlán og sérgreindur afskriftareikningur greinist þannig eftir flokkun útlána:

31. desember 2008	Fjárhæð		
	virðisrýrðra útlána	Virðis rýrnun	Bókfært verð
Flokkun útlána			
Gengistryggð lán lögaðila	2.332.672	332.588	2.000.084
Yfirdráttarlán lögaðila	528.034	202.910	325.124
Annað, lögaðilar	34.019.772	21.639.809	12.379.963
Einstaklingar	2.843.164	1.308.351	1.534.813
Virðisrýrð útlán	39.723.642	23.483.658	16.239.984

31. desember 2007	Fjárhæð		
	virðisrýrðra útlána	Virðis rýrnun	Bókfært verð
Flokkun útlána:			
Gengistryggð lán lögaðila	1.167.502	129.024	1.038.478
Sambankalán	46.930	10.412	36.518
Yfirdráttarlán lögaðila	305.490	67.777	237.713
Annað, lögaðilar	787.189	117.954	669.235
Einstaklingar	2.120.276	326.408	1.793.868
Virðisrýrð útlán	4.427.387	651.575	3.775.812

38. Vanskil að fráðreginni sérgreindri virðisrýrnun:	2008	2007
Vanskil í allt að 29 daga	177.001	334.618
Vanskil í 30-365 daga	800.366	327.130
Vanskil í meira en 365 daga	86.189	140.384
Vanskil að fráðreginni sérgreindri virðisrýrnun	1.063.556	804.139

Skýringar við ársreikninginn

39. Vanskil útlána sem ekki eru virðisrýrð:

	2008	2007
Vanskil í allt að 29 daga	44.250	83.655
Vanskil í 30-365 daga	200.092	81.783
Vanskil í meira en 365 daga	21.543	35.096
Vanskil útlána sem ekki eru virðisrýrð	265.885	200.534

Um er að ræða útlán þar sem sammingsbundnar vaxtagreiðslur og afborganir eru í vanskilum en Byr telur að virðisrýrnun eigi sér ekki stað vegna trygginga lánanna eða greiðslugetu lántaka og á hvaða stigi í innheimtuferlinu lánið er.

40. Tryggingar vegna útlána

Tryggingar Byrs vegna útlána eru einkum veð í fasteignum en einnig veð í lausafjármunum, hlutabréfum og öðrum verðbréfum. Virði veðtryggingar er metið í tengslum við lánveitingu og er uppfært reglulega við mat á tryggingum sparisjóðsins.

Stefna Byrs varðandi nýtingu á innleystum veðum er í meginatriðum sú að ráðstafa beri eignum með sölu eða útleigu, þegar það á við, án óparfa tafar. Í því sambandi ber að taka tillit til markaðsaðstæðna og væntrar þróunar í þeim eignum. Jafnframt ber að meta vægi og aðlögunarhæfni tiltekinnar eigna gagnvart heildarsafni Byrs af sambærilegum eignum og safni eigna í heild sinni hjá Byr.

Lausafjánhætta

41. Geta Byrs sparisjóðs til að standa við skuldbindingar sínar að öllu leyti, á fyrirfram ákveðnum tímabilum og dagsetningum, og geta Byrs sparisjóðs til þess að mæta ófyrirséðum atvikum hnökralaust, er án efa einn mikilvægasti þátturinn í allri starfsemi. Fjármálasvið sparisjóðsins annast gerð lausafjárskýrslu með reglubundnum hætti og undir eftirliti áhættustýringar. Sökum mikilvægi lausafjárstýringar í starfsemi fjármálafyrirtækis á borð við Byr sparisjóð og mikilvægi þess að gaumgæfilega sé fylgst með þróun mála, er lausafjánhætta gefið hæsta vægi hjá Áhættustýringu Byrs sparisjóðs. Seðlabanki Íslands setur Byr sparisjóði og öðrum fjármálafyrirtækjum á Íslandi ákveðnar reglur í því sambandi og krefst ítarlegrar skýrslugerðar mánaðarlega fyrir næstu tólf mánuði sem framundan eru.

Skýringar við ársreikninginn

41 frh

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig eftirstöðvartími eigna og skulda hjá Byr sparisjóði skiptist niður á tímabönd, allt frá einum mánuði og í það að vera yfir fimm ár. Taflan sýnir endurfjármögnunarþörf Byrs sparisjóðs á þessu ári og á tímabilinu 2010 til 2014. Síðasti dálkurinn sýnir uppsafnaða endurfjármögnunarþörf frá og með 2015.

Fjáreignir og fjárskuldir flokkaðar samkvæmt eftirstöðvartíma

31. desember 2008

<i>Eignir</i>	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og ób. bankainnst.	37.176.749					37.176.749
Kröfur á lánastofnanir	6.872.262	4.074.098	219.313	23.253	39.333	11.228.259
Útlán til viðskiptamanna	6.046.254	16.316.847	55.496.465	36.012.625	58.452.981	172.325.172
Veltufjáreignir	4.298.155					4.298.155
Fjáreignir tilgr. á gangv.	13.581.344					13.581.344
Samtals fjáreignir	67.974.764	20.390.945	55.715.778	36.035.878	58.492.314	238.609.679
<i>Skuldir</i>						
Innlán - lánastofnanir og Seðlabanki	1.749.254	194.771	4.678.238			6.622.263
Innlán - viðskiptamenn	98.315.441	4.092.926	3.682.337	34.572.399	3.936.939	144.600.042
Lántaka	0	506.207	26.044.074	23.760.974	27.857.840	78.169.095
Víkjandi lán	0			1.620.984	1.650.965	3.271.949
Samtals fjárskuldir	100.064.695	4.793.904	34.404.649	59.954.357	33.445.744	232.663.349

31. desember 2007

<i>Eignir</i>	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og ób. bankainnst.	3.611.888					3.611.888
Kröfur á lánastofnanir	3.057.569	9.377.590	6.226.352	9.815.007	42.252	28.518.770
Útlán til viðskiptamanna	18.071.145	14.984.311	7.679.769	29.341.702	47.660.392	117.737.319
Veltufjáreignir	5.630.350					5.630.350
Fjáreignir tilgr. á gangv.	14.345.443					14.345.443
Samtals fjáreignir	44.716.395	24.361.901	13.906.121	39.156.709	47.702.644	169.843.770
<i>Skuldir</i>						
Innlán - lánastofnanir og Seðlabanki	1.622.419	1.421.899	7.783.209			10.827.527
Innlán - viðskiptamenn	49.732.781	3.941.305	2.650.343	12.079.540	1.698.095	70.102.064
Lántaka		114.353		16.696.279	24.730.034	41.540.666
Víkjandi lán				1.127.420	1.129.021	2.256.441
Samtals fjárskuldir	51.355.200	5.477.557	10.433.552	29.903.239	27.557.150	124.726.698

Lausafjárhlutfall Byrs var 2,85 á fyrsta bandi (0-1 mán) og 6,45 á öðru bandi (1-3 mán) í árslok 2008. Hlutfallið er reiknað með því að taka tillit til eigna og skulda í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um útreikning á lausu fé og lausafjárhlutfalli fjármálastofnana.

Byr sparisjóður fjármagnar sig sem fyrr að stórum hluta með innlánunum í íslenskum krónum og helstu erlendu myntum. Hlutfall innlána af heildarfjármagni hjá Byr er um 57% í árslok. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka og öðrum fjármálafyrirtækjum sem hlutfall af heildarinnlánunum var um 38% í árslok 2007 hjá Byr.

Skýringar við ársreikninginn

41 frh

	31.12.2006	30.6.2007	31.12.2007	30.6.2008	31.12.2008
Sjóður og ób. bankainnst. ásamt kröfum á lánast	10.263.769	9.949.374	32.130.658	19.992.255	48.405.008
Innlán viðskiptamanna og lánastofnana	55.173.738	61.925.585	80.929.591	121.089.155	151.222.305
Hlutfall	18,6%	16,1%	39,7%	16,5%	32,0%

Verðtryggðar eignir og skuldir

Í efnahagsreikningi Byrs er neikvæður verðtryggingajöfnuður milli verðtryggðra eigna og skulda. Um áramótin voru verðtryggðar skuldir umfram eignir að upphæð 3,3 milljarðar króna. Fjárhæðirnar eiga aðeins við um eignir og skuldir í íslenskum krónum.

Verðtryggingajöfnuður:

	2008	2007
Verðtryggðar eignir	79.479.987	59.648.136
Verðtryggðar skuldir	82.830.623	42.214.693
Verðtryggingarjöfnuður samtals	-3.350.636	17.433.443

Markaðsáætla

42. Markaðsáætla er áhættan sem fylgir verðbreytingum skráðra verðbréfa, gjaldmiðla og afurða sem höndlað er með á skipulögðum mörkuðum og hafa áhrif á eignastöðu og afkomu. Þessi þáttur er einn af mikilvægari áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækja. Stjórn Byrs sparisjóðs hefur sett ákveðnar reglur og fjárfestingaheimildir þegar kemur að viðskiptum Byrs sparisjóðs fyrir eigin reikning, svo sem kaup á hlutabréfum, skuldabréfum, gjaldmiðlum og öðrum afurðum á markaði.

Gjaldeyrisáætla kemur til af sveiflum í gengi gjaldmiðla og hugsanlegu tapi og eignarýrnun hjá Byr af þeirra völdum. Gjaldeyrisjöfnuður Byrs er í daglegri umsjón og stýringu hjá fjárstýringu og undir eftirliti áhættustýringar Byrs. Seðlabanki Íslands setur Byr og öðrum fjármálastofnunum reglur og viðmið í þessum efnunum. Almenna reglan hjá Byr er að jöfnuður ríki milli eigna og skulda í efnahagsreikningi Byrs sem tengjast beint erlendum gjaldmiðlum.

Byr á umtalsverðar eignir í formi skráðra og óskráðra hlutabréfa í innlendum og erlendum fyrirtækjum og félögum. Sveiflur á gengi hlutabréfa á Íslandi og á alþjóðlegum mörkuðum hafa því áhrif á afkomu og efnahag Byrs. Fjárfestingaheimildir Byrs í viðskiptum fyrir eigin reikning setja heildarumfangi slíkra viðskipta tilteknar skorður og á hverjum tíma er hugað vel að dreifingu áhættu með skiptingu fjárfestinga milli einstakra eigna og eignaflokka, með tilliti til atvinnugreina og landfræðilegrar stöðu. Áhætta sem fylgir breytingum á vaxtastigi í starfsrækslumynt Byrs, íslensku krónunni, og vaxtabreytingum í erlendum gjaldmiðlum, getur haft áhrif jafnvægi milli eigna og skuldbindinga Byrs.

Vaxtaáætla

Breytingar á vaxtakjörum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum hafa áhrif á afkomu Byrs sparisjóðs. Mismunur á lengd vaxtatímabila á útlánum annars vegar og skuldum hins vegar veldur því að vaxtabreytingar hafa áhrif á vaxtamun. Jafnan er ákveðið misvægi milli vaxtatímabila eigna og skulda, en það er hlutverk fjárstýringar að stýra vaxtaáhættu. Leitast skal við að hafa sem best jafnvægi á milli fastra og breytilegra vaxtakjara útlána til viðskiptavina og fjármögnun lána. Þá skal einnig stefnt að því að ná sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvartíma vaxtaberandi eigna og skulda.

Verðtryggingaráhætla

Jafnvægi í fjárhæð verðtryggðra og óverðtryggðra eigna og skulda skal stýrt með markvissum hætti. Miða skal við að verðtryggðar eignir séu að jafnaði hærri en verðtryggðar skuldir. Í því sambandi er verðtryggingarjöfnuður reiknaður mánaðarlega, þ.e. hlutfallið milli mismunar verðtryggðra eigna og skulda annars vegar og eigin fjár hins vegar.

Gjaldeyrisáætla

Gjaldeyrisjöfnuður skal ætíð vera í samræmi við ákvæði reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í þessu felst að opin gjaldeyrisstaða Byrs sparisjóðs í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð eða neikvæð um meira en sem nemur 20% af eiginfjárgrunni Byrs sparisjóðs. Heildarstaða samkvæmt gjaldeyrisjöfnuði skal hvorki vera jákvæð eða neikvæð umfram 30% af eiginfjárgrunni.

Skýringar við ársreikninginn

42. frh.

31. desember 2008

	ISK	EUR	USD	GBP	JPY	Annað	Samtals
Sjóður og ób. bankainnst.	36.728.894	11.000	419.681	5.412	309	11.453	37.176.749
Kröfur á lánastofnanir	10.623.255	279.855	63.954	131.400	18.693	111.102	11.228.259
Útlán til viðskiptamanna	134.416.518	5.674.307	2.212.543	3.281.759	12.861.726	13.878.318	172.325.172
Veltufjáreignir	4.298.155						4.298.155
Fjáreignir tilgr. á gangvirði ..	13.273.329			308.015			13.581.344
Hlutdeildarfélag	1.358.161						1.358.161
Rekstrarfjármunir	2.894.617						2.894.617
Óefnislegar eignir	1.317.999						1.317.999
Fjárfestingafasteignir	966.450	3.005.223					3.971.673
Tekjuskattsinneign	3.217.509						3.217.509
Aðrar eignir	1.839.357						1.839.357
	210.934.244	8.970.385	2.696.178	3.726.586	12.880.729	14.000.873	253.208.995
Innlán - lánastofnanir	6.538.671		83.592				6.622.263
Innlán - viðskiptamenn	141.265.541	1.445.478	1.274.666	293.149	86.041	235.166	144.600.042
Lántaka	36.405.259	23.971.272	1.387.354	614.820	8.355.764	7.434.626	78.169.095
Víkjandi lán	3.271.949						3.271.949
Lífeyrisskuldbindingar	1.366.498						1.366.498
Skattskuld	0						0
Aðrar skuldir	2.965.929						2.965.929
Eigið fé samtals	16.213.219						16.213.219
	208.027.066	25.416.750	2.745.612	907.969	8.441.805	7.669.792	253.208.995

31. desember 2007

	ISK	EUR	USD	GBP	JPY	Annað	Samtals
Sjóður og ób. bankainnst.	3.578.470	11.000	5.244	5.412	309	11.453	3.611.888
Kröfur á lánastofnanir	27.913.766	279.855	63.954	131.400	18.693	111.102	28.518.770
Útlán til viðskiptamanna	79.828.666	5.674.307	2.212.543	3.281.759	12.861.726	13.878.318	117.737.320
Veltufjáreignir	5.606.129		22.420			1.801	5.630.350
Fjáreignir tilgr. á gangvirði ..	14.037.428			308.015			14.345.443
Hlutdeildarfélag	3.072.921						3.072.921
Rekstrarfjármunir	1.859.428						1.859.428
Óefnislegar eignir	4.756.197						4.756.197
Fjárfestingafasteignir	1.031.688	397.738					1.429.426
Aðrar eignir	3.890.739						3.890.739
	145.575.431	6.362.900	2.304.161	3.726.586	12.880.729	14.002.674	184.852.481
Innlán - lánastofnanir	10.827.527						10.827.527
Innlán - viðskiptamenn	66.767.563	1.445.478	1.274.666	293.149	86.041	235.166	70.102.064
Lántaka	19.646.561	8.957.095	829.289	872.652	3.682.575	7.552.494	41.540.666
Víkjandi lán	2.256.441						2.256.441
Lífeyrisskuldbindingar	1.170.380						1.170.380
Skattskuld	3.477.117						3.477.117
Aðrar skuldir	2.281.341						2.281.341
Eigið fé samtals	53.196.945						53.196.945
	159.623.875	10.402.573	2.103.955	1.165.801	3.768.616	7.787.660	184.852.481

Skýringar við ársreikninginn

42. frh.

Eignaverðsáætta

Hætta er á því að verðmæti eigna, sem eru til tryggingar fyrir lánveitingum, lækki umtalsvert. Þetta á til dæmis við ef lækkun fasteignaverðs verður það mikil að verðmæti trygginga lækki niður fyrir bókfærða stöðu láns eða ef hlutabréfaverð lækkar það mikið að um tryggingavöntun verði að ræða sem veldur því að gera þarf veðkall hjá viðkomandi viðskiptavini. Verði þróun eignaverðs til lækkunar skal eins fljótt og kostur er gera kröfu um frekari tryggingar lántakenda, þar til staða Byrs er metin ásættanlega út frá reglum og viðmiðunum um áhættu í rekstri Byrs.

Mótaðilaáhætta

Í miðlun markaðsviðskipta með verðbréf og gjaldeyri felst markaðsáætta sem á rætur að rekja til verðbreytinga áður en viðskiptavinur efnir sinn hluta samnings. Jafnframt fela afleiðuviðskipti viðskiptamanna við bankann í sér mótaðilaáhættu ef tap verður á samningi viðskiptamanns og hann getur ekki staðið skil á gerðum samningum.

Rekstraráhætta

43. Ferlar og verklagsreglur í starfsemi Byrs sparisjóðs ásamt mannauði og tölvukerfum sem notuð eru hjá Byr geta brugðist. Jafnframt getur orðið skyndileg og ófyrirséð breyting á utanaðkomandi þáttum eins og rekstrar- og samkeppnisumhverfi. Allt þetta getur valdið Byr tjóni, fjárhagslegu og ófjárhagslegu, og hefur verið skilgreint sem rekstraráhætta. Hjá Byr er lögð áhersla á gerð einfaldra og skilvirkra verklagsreglna og að nýjum starfsmönnum séu allir ferlar í starfsemi vel ljósir ásamt öllu laga- og regluhverfi sem Byr er gert að starfa eftir. Hjá Byr er jafnframt starfrækt innra eftirlit sem heyrir beint undir stjórn sjóðsins.

Gangvirði fjármálagerninga

44. Gangvirði fjármálagernings er sú fjárhæð sem hægt er að fá fyrir gerninginn í armslengdarviðskiptum fúsra aðila, þ.e. ekki í nauðungarsölu eða búskiptum. Tilvist þekkt verðs á virkum markaði gefur best til kynna gangvirði og þegar það er til staðar notar samstæðan það til að mæla peningalegar eignir og peningalegar skuldir. Ef skráð verð fyrir fjármálagerning endurspeglar ekki raunveruleg og regluleg viðskipti á virkum markaði eða ef skráð verð er ekki til staðar, er gangvirði reiknað út með viðeigandi matsaðferð.

Þegar um er að ræða skráð og seljanleg hlutabréf og skuldabréf og ákveðna afleiðusamninga er gangvirðið fengið með því að nota markaðsgengi. Gerningar þessir eru sýndir í efnahagsreikningi undir liðunum veltufjáreignir og veltufjárskuldir eða sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði.

Fjármálagerningar sem hafa ekki skráð markaðsgengi eru metnir með viðurkenndum matsaðferðum þar sem notast er við markaðsupplýsingar. Meðal viðurkenndra matsaðferða eru viðskipti milli viljugra og ótengdra aðila í armslengdarviðskiptum, upplýsingar um gangvirði annars gernings sem er í meginatriðum eins, sjóðstreymisgreiningar og aðrar viðurkenndar matsaðferðir sem notaðar eru af markaðsaðilum.

	Bókfært virði	Gangvirði	Óinnleystur hagnaður (tap)
2008			
Eignir			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	37.176.749	37.176.749	0
Útlán og kröfur - lánastofnanir	11.228.259	11.228.259	0
Útlán og kröfur - viðskiptamenn	172.325.172	163.916.370	8.408.802
Veltufjáreignir	4.298.155	4.298.155	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	13.581.344	13.581.344	0
Skuldir			
Innlán frá fjármálafyrirtækum og Seðlabanka	6.622.263	6.622.263	0
Almenn innlán	144.600.042	144.600.042	0
Lántökur	78.169.095	76.716.830	1.452.265
Aðrar skuldir	2.965.929	2.965.929	0
Víkjandi lán	3.271.949	3.764.071	(492.122)
Nettó óinnleystur hagnaður í rekstrarreikningi			9.368.945

Skýringar við ársreikninginn

44. frh.

	Bókfært virði	Gangvirði	Óinnleystur hagnaður (tap)
2007			
Eignir			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	3.611.888	3.611.888	0
Útlán og kröfur - lánastofnanir	28.518.770	28.518.770	0
Útlán og kröfur - viðskiptamenn	117.737.319	114.205.199	(3.532.120)
Veltufjáreignir	5.630.350	5.630.350	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	14.345.443	14.345.443	0
Skuldir			
Innlán frá fjármálafyrirtækum og Seðlabanka	10.827.527	10.827.527	0
Almenn innlán	70.102.064	70.102.064	0
Lántaka	41.540.666	38.483.822	3.056.844
Aðrar skuldir	89.149	89.149	0
Víkjandi lán	2.256.441	1.917.975	338.466
Nettó óinnleystur hagnaður í rekstrarreikningi			(136.810)

Þótt samstæðan fylgi markaðsviðmiðum og byggi á viðurkenndum aðferðum er þó mikið svigrúm fyrir mat, bæði í líkönunum sjálfum og ályktunum sem verður að draga og ekki er hægt að leiða af markaðsgögnum. Mismunandi ályktanir og mat geta leitt til ólíkra niðurstaðna.

Skýringar við rekstrarreikning

Hreinar vaxtatekjur

45. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
2008			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki	5.351.133	(2.932.480)	2.418.653
Útlán og innlán	25.875.954	(15.482.618)	10.393.336
Lántökur		(7.313.697)	(7.313.697)
Víkjandi lán		(605.619)	(605.619)
Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði	2.456.961	(484)	2.456.477
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	33.684.048	(26.334.898)	7.349.150
	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
2007			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki	2.109.292	(1.281.129)	828.163
Útlán og innlán	10.355.808	(5.848.316)	4.507.492
Lántökur		(2.990.790)	(2.990.790)
Víkjandi lán		(169.428)	(169.428)
Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði	530.885	(3.031)	527.854
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	12.995.985	(10.292.694)	2.703.291

Hreinar þjónustutekjur

46. Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:

	2008	2007
Þóknun af greiðslumiðlun	600.506	486.388
Þóknun af lánveitingum	192.422	152.143
Þóknun af verðbréfavíðskiptum	46.375	0
Aðrar þjónustutekjur	631.463	203.596
Þjónustutekjur samtals	1.470.766	842.127
Færslugjöld	(132.873)	(117.249)
Önnur þjónustugjöld	(197.733)	(171.132)
Þjónustugjöld samtals	(330.606)	(288.381)
Hreinar þjónustutekjur	1.140.160	553.746

Samstæðuársreikningur Byrs sparisjóðs 2008

Skýringar við ársreikninginn

Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

	2008	2007
47. Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:		
Arðstekjur	191.888	128.729
Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(1.871.667)	61.455
Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(6.282.457)	5.538.764
Hreinn gjaldeyrismunur	223.638	243.928
Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	(7.738.598)	5.972.876
48. Arðstekjur greinast þannig:		
Arðstekjur af veltufjáreignum	31.584	82.715
Arðstekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	160.304	46.014
Arðstekjur	191.888	128.729
49. Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:		
Hlutabréf	(1.930.130)	(53.452)
Skuldabréf	58.463	114.907
Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(1.871.667)	61.455
50. Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum tilgreindum á gangvirði:		
Hlutabréf	(6.468.518)	5.472.270
Skuldabréf	186.061	66.494
Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	(6.282.457)	5.538.764

Ýmsar rekstrartekjur

	2008	2007
51. Ýmsar rekstrartekjur greinast þannig:		
Hagnaður af sölu eigna	0	4.262.856
Aðrar rekstrartekjur	55.493	28.336
Ýmsar rekstrartekjur	55.493	4.291.192

Starfsmannamál

	2008	2007
52. Heildarfjöldi starfsmanna greinist þannig:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	234	236
Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í árslok	226	224
53. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.790.507	1.065.656
Lífeyrisiðgjöld:		
Réttindatengd	5.836	4.520
Iðgjaldatengd	331.749	153.634
Önnur launatengd gjöld	69.847	229.811
Laun og launatengd gjöld	2.197.939	1.453.621

Skýringar við ársreikninginn

Laun stjórnenda

54. Laun stjórnenda og stofnfjáreign í árslok greinast þannig:

	Laun	Stofnfjár- eign
Sparisjóðsstjórar:		
Ragnar Z. Guðjónsson	37.334	130.899
Magnús Ægir Magnússon fyrrverandi sparisjóðssjóri	38.762	0
Örn Arnar Óskarsson fyrrverandi sparisjóðsstjóri	3.582	36.478
Stjórn:		
Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður	4.818	2.819.229
Egill Ágústsson, fyrrverandi stjórnarmaður	2.418	1.062.088
Ágúst Már Ármann, stjórnarmaður	1.800	551
Jóhanna Waagfjörð, stjórnarmaður	1.800	2.652
Jón Kristjánsson, stjórnarformaður	1.800	3.572.747
Jón Kristinn Sólmes, stjórnarmaður	1.130	145.925
Páll Magnússon, fyrrverandi stjórnarmaður	600	3.572.747
Guðmundur Ingi Jónsson, fyrrverandi stjórnarmaður	600	48.578
Magnús Ármann, fyrrverandi stjórnarmaður	600	2.831.542
Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarmaður	540	1.173
Oddur Gunnarsson, fyrrverandi stjórnarmaður	340	34.895
Eiður Gunnlaugsson, fyrrverandi stjórnarmaður	340	162.788
Aðalheiður Eiríksdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	340	34.895
Guðmundur Víkingsson, fyrrverandi stjórnarmaður	340	34.895

Þóknun til endurskoðenda

55. Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings	14.525	10.081
Könnun árshlutareiknings	9.892	4.492
Önnur þjónusta	11.952	3.942
Þóknun til endurskoðenda	36.369	18.515

Tekjuskattur

56. Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Virkt skatthlutfall:	2008		2007	
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(35.833.136)		9.613.636
Tekjuskattur af afkomu ársins miðað við gildandi skatthlutfall	15,0%	(5.374.970)	18,0%	1.730.454
Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli	1,6%	(584.333)	0,0%	0
Tekjur undanþegnar sköttum	0,1%	(28.783)	(0,8%)	(74.699)
Frestun söluhagnaðar á móti fjárfestingu í dótturfélögum	4,9%	(1.763.120)	0,0%	0
Aðrir liðir	(2,2%)	799.485	0,3%	28.766
Virkur tekjuskattur	19,4%	(6.951.721)	17,5%	1.684.521

Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu 2008 nam 19,5% Breyting á virku tekjuskattshlutfalli stafar að mestu leyti af tveimur þáttum:

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkan á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuld lækkað um 584 millj. kr.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila félögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil félagsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í félögum.

Skýringar við ársreikninginn

Skýringar við efnahagsreikning

Fjáreignir og fjárskuldir

57. Flokkun fjáreigna og fjárskulda á gangvirði.

Taflan hér að neðan sýnir flokkun bankans á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra (áfallnir vextir undanskildir).

31. desember 2008	Skýr.	Veltu-fjárliðir	Tilgreint á gangvirði	Afskrifað kostnaðarv.	Bókfært verð	Gangvirði
Sjóður og innstæður	58			37.176.749	37.176.749	37.176.749
Útlán og kröfur	59-64			183.553.431	183.553.431	175.144.629
Veltufjáreignir	65	4.298.155			4.298.155	4.298.155
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	67		13.581.344		13.581.344	13.581.344
		4.298.155	13.581.344	220.730.180	238.609.679	230.200.877
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	77			6.622.263	6.622.263	6.622.263
Almenn innlán	78			144.600.042	144.600.042	144.600.042
Lántökur	79-80			78.169.095	78.169.095	76.716.830
Víkjandi lán	81			3.271.949	3.271.949	3.764.071
Aðrar fjárskuldir				401.782	401.782	401.782
		0	0	233.065.131	233.065.131	232.104.988

31. desember 2007	Skýr.	Veltu-fjárliðir	Tilgreint á gangvirði	Afskrifað kostnaðarv.	Bókfært verð	Gangvirði
Sjóður og innstæður	58			3.611.888	3.611.888	3.611.888
Útlán og kröfur	59-64			146.256.090	146.256.090	142.723.970
Veltufjáreignir	65	5.630.350			5.630.350	5.630.350
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	67		14.345.443		14.345.443	14.345.443
		5.238.999	14.345.443	149.867.978	169.452.420	165.920.300
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	77			10.827.527	10.827.527	10.827.527
Almenn innlán	78			70.102.064	70.102.064	70.102.064
Lántökur	79-80			41.540.666	41.540.666	38.483.822
Víkjandi lán	81			2.256.441	2.256.441	1.917.975
Aðrar fjárskuldir				426.498	426.498	426.498
		0	0	125.153.196	125.153.196	121.757.886

Sjóðir og óbundnar innstæður í Seðlabanka

58. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka greinast þannig:	2008	2007
Sjóður	296.458	220.263
Óbundnar bankainnstæður	36.880.291	3.391.625
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	37.176.749	3.611.888

Kröfur á lánastofnanir

59. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:	2008	2007
Bankareikningar	2.367.260	3.176.954
Peningamarkaðslán	4.566.032	23.416.192
Önnur lán	4.294.967	1.925.624
Kröfur á lánastofnanir	11.228.259	28.518.770

Skýringar við ársreikninginn

60. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2008	2007
Gjaldkræfar kröfur	6.872.262	3.057.569
Allt að 3 mánuðir	4.074.098	9.377.590
3 mánuðir til 1 ár	219.313	6.226.352
1 til 5 ár	23.253	9.815.007
Yfir 5 ár	39.333	42.252
Kröfur á lánastofnanir	11.228.259	28.518.770

Útlán til viðskiptamanna

61. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir tegundum lána:	2008	2007
Yfirdráttarlán	21.901.146	15.155.948
Víxlar	278.083	119.508
Skuldabréf	174.739.973	104.071.546
Önnur lán	694.054	147.208
Afskriftareikningur útlána	(25.288.084)	(1.756.891)
Útlán til viðskiptamanna	172.325.172	117.737.319

62. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir lántakendum:	2008	2007
Ríkissjóður	0,2%	0,1%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur og landbúnaður	0,6%	0,3%
Iðnaður og byggingaverktakar	10,1%	10,3%
Verslun	4,7%	4,7%
Þjónusta	25,4%	20,9%
Einstaklingar	59,1%	63,7%
Útlán til viðskiptamanna	100,0%	100,0%

63. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt samningsbundnum eftirstöðvartíma:	2008	2007
Gjaldkræf útlán	6.046.254	18.071.145
Allt að 3 mánuðir	16.316.847	14.984.311
3 mánuðir til 1 ár	55.496.465	7.679.769
1 til 5 ár	36.012.625	29.341.702
Yfir 5 ár	58.452.981	47.660.392
Útlán til viðskiptamanna	172.325.172	117.737.319

Afskriftareikningur útlána

64. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinist þannig:	2008	2007
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	1.756.891	747.744
Samruni sparisjóða	438.786	226.072
Virðisrýrnun útlána	23.638.342	816.763
Endanlega tapað	(573.291)	(35.216)
Innkomið áður afskrifað	27.356	1.528
Afskriftareikningur útlána í árslok	25.288.084	1.756.891

Virðisrýrnun útlána og annarra eigna

	2008	2007
Virðisrýrnun útlána	23.638.342	816.763
Virðisrýrnun annarra eigna	1.740.000	0
Virðisrýrnun samtals	25.378.342	816.763

Óvaxtaberandi útlán eru skilgreind sem mismunur á höfuðstóli og framlagi í sérgreindan afskriftareikning vegna lána sem metin hafa verið í tapshættu. Óvaxtaberandi útlán í árslok 2008 námu 7.277 millj. kr., eða sem nemur 3,5% af heildarútlánunum. Í lok árs 2007 námu óvaxtaberandi útlán 1.102 millj. kr. eða sem nemur 0,9% af heildarútlánunum.

Skýringar við ársreikninginn

Veltufjáreignir

65. Veltufjáreignir greinast þannig:	2008	2007
Gjaldmiðlasamningar	1.457.461	391.351
Skuldabréf	2.389.070	348.236
Hlutabréf	451.624	4.890.763
Veltufjáreignir	4.298.155	5.630.350

Gjaldmiðlasamningar

66. Gjaldmiðlasamningar, eftirstöðvatími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

2008	Höfuðstóll Yfir 3 mánuðir og allt að	Bókfært verð			
Allt að 3 mánuðir	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir	
Óskráðir gjaldmiðlasamningar:					
Framvirkir gjaldmiðlasamningar	16.435.788	0	16.435.788	1.457.461	0
Samtals	16.435.788	0	16.435.788	1.457.461	0
2007					
Óskráðir gjaldmiðlasamningar:					
Framvirkir gjaldmiðlasamningar	25.256.409	0	25.256.409	391.351	74.324
Samtals	25.256.409	0	25.256.409	391.351	74.324

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðlaáættu í samstæðunni.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

67. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:	2008	2007
Skuldabréf	7.903.543	6.986.464
Hlutabréf	5.677.801	7.358.979
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	13.581.344	14.345.443

68. Hlutabréf sem tilgreind hafa verið á á gangvirði greinast þannig

Hlutabréfaeign:	2008	2007
Hlutabréf í innlendum fjármálfyrirtækjum	3.201.273	6.077.706
Hlutabréf í öðrum félögum	2.476.528	1.281.273
Hlutabréf samtals	5.677.801	7.358.979

69. Skuldabréf sem tilgreind hafa verið á á gangvirði greinast þannig

Skuldabréfaeign:	2008	2007
Skuldabréf í innlendum fjármálfyrirtækjum	76.824	558.485
Skuldabréf í öðrum félögum	7.826.719	6.427.979
Skuldabréf samtals	7.903.543	6.986.464

Skýringar við ársreikninginn

Samruni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga

70. Samruni við Sparisjóð Norðlendinga

Á árinu 2008 sameinuðust Byr sparisjóður og Sparisjóður Norðlendinga en nafn sameinaðs sjóðs er Byr sparisjóður. Í mars 2008 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga og reikningsskilalega miðast samruninn við 1. apríl 2008. Hefði Sparisjóður Norðlendinga verið yfirtekinn í ársbyrjun 2008 væri afkoman 95 millj. kr. hærrí.

	Gangvirði við yfirtöku
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	29.473
Kröfur á lánastofnanir	4.972.943
Útlán og kröfur	13.093.986
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.566.260
Aðrar eignir	916.271
Skuldir við lánastofnanir	(2.962.328)
Innlán	(10.781.426)
Lántökur	(1.573.536)
Víkjandi lán	(528.028)
Skattskuld	(187.083)
Aðrar skuldir	(88.269)
Hrein eign	4.458.263
Óefnisleg eign við kaupin	497.151
Kaupverð	4.955.414

Dótturfélög

71. Eignarhlutir móðurfélagsins í helstu dótturfélögum greinast þannig (fjárhæðir eru í millj. kr.):

	Staðsetning	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Tekjur	Hagnaður (tap)
Bréfabær ehf.	Ísland	100,00%	606.109	11.257	37.400	45.846
Costa Properties ehf.	Ísland	100,00%	708.787	709.722	0	(4)
D-1ehf.	Ísland	100,00%	831.837	868.438	1.706	(37.101)
Fjárvari ehf.	Ísland	100,00%	445.754	154.891	0	(9.835)
Hringur hf.	Ísland	100,00%	136.529	104.627	434.219	35.846
Landkostaland ehf.	Ísland	100,00%	9.838	58.371	0	(18.854)
Lava Capital ehf.	Ísland	100,00%	2.298.810	2.318.246	0	(1.620)
Njarðarnes ehf.	Ísland	100,00%	102.937	5.270	3.670.314	(4.539)
Rekstrarfélag Byrs hf.	Ísland	100,00%	30.354	4.105	77.524	(34.771)
Sameignarfélagið Borgartún 18 sf.	Ísland	100,00%	134.092	0	2.134	(4.376)
Sparibréf ehf.	Ísland	100,00%	1.008	0	0	0
Sparvernd ehf.	Ísland	100,00%	16.029	0	60	(965)
SPK fjárfesting ehf.	Ísland	90,95%	455.673	1.138	6.483	4.750
SPN fjárfestingar ehf.	Ísland	100,00%	34.680	0	23	17
SPV fjárfesting hf.	Ísland	100,00%	1.564.898	108.122	20.579	(1.265.874)
Stjórnar Z ehf.	Ísland	100,00%	443	0	20	16
Tárn ApS.	Ísland	100,00%	803.198	809.707	0	(8.507)

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

72. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	2008	2007
Bókfært verð í upphafi árs	3.072.921	7.418.574
Sameining sparisjóða	292.487	58.054
Keyptir eignarhlutir	420.114	520.904
Fært í fjáreignir á gangvirði	0	(5.288.416)
Hlutdeild í hagnaði/(tapi) hlutdeildarféлага	(2.427.362)	363.805
Bókfært verð í lok árs	1.358.160	3.072.921

Skýringar við ársreikninginn

72. frh.:

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

2008	Eignir	Skuldir	Eignar- hluti	Nafn- verð	Hlutdeild í hagnaði/tapi	Bókfært verð
Sp Fjármögnun hf	69.759.917	86.863.454	35,4%	137.491	(2.144.927)	0
Eignarhaldsfélagið ehf	5.558.067	4.410.538	25,0%	718.912	(311.065)	398.765
Íslensk verðbréf hf	852.899	231.590	27,5%	60.145	67.687	310.810
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf	-	-	43,5%	91.253	(70.000)	18.132
FSP holding ehf	-	-	22,6%	123.382	0	261.723
Teris	1.267.058	499.880	36,9%	216.328	30.943	261.367
Reiknistofa bankanna	1.855.089	337.065	6,4%	98.848	0	107.363
Samtals	79.293.030	92.342.527		1.446.359	(2.427.362)	1.358.160

Rekstrarfjármunir

73. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

2008	Fast- eignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals 2008
Heildarverð í ársbyrjun	2.060.269	613.838	2.674.107
Yfirtekið í samruna	286.032	39.288	325.320
Viðbætur á árinu	739.936	116.911	856.847
Selt og niðurlagt á árinu	0	(23.390)	(23.390)
Heildarverð í árslok	3.086.237	746.647	3.832.884
Áður afskrifað	406.502	401.441	807.943
Yfirtekið í samruna	34.608	24.423	59.031
Afskriftir á árinu	38.628	55.189	93.817
Selt og niðurlagt á árinu	0	(22.524)	(22.524)
Afskrifað samtals	479.738	458.529	938.267
Bókfært verð í árslok	2.606.499	288.118	2.894.617
2007	Fast- eignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals 2007
Heildarverð í ársbyrjun	1.068.438	453.845	1.522.283
Yfirtekið í samruna	1.036.556	45.295	1.081.851
Viðbætur á árinu	14.625	123.862	138.487
Selt og niðurlagt á árinu	(59.350)	(8.328)	(67.678)
Heildarverð í árslok	2.060.269	614.674	2.674.943
Áður afskrifað	401.918	348.756	750.674
Yfirtekið í samruna	4.655	38.720	43.375
Afskriftir á árinu	21.584	26.271	47.855
Selt og niðurlagt á árinu	(18.601)	(7.788)	(26.389)
Afskrifað samtals	409.556	405.959	815.515
Bókfært verð í árslok	1.650.713	208.715	1.859.428
		2008	2007
Afskriftir			
Afskriftir óefnislegra eigna		836	12.952
Afskriftir rekstrarfjármuna		93.817	47.855
Afskriftir samtals		94.653	60.807

Skýringar við ársreikninginn

Óefnislegar eignir

74. Óefnislegar eignir:

Samstæðan hefur framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Virðisrýrnunarprófið er framkvæmt í fjórða ársfjórðungi ár hvert, byggt á rekstraráætlun til næstu fimm ára sem samþykkt hefur verið af stjórn félagsins. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar sem myndaðist við samruna við Sparisjóð Kópavogs og Sparisjóðs Norðlendinga var framkvæmd á árinu 2008.

Samstæðan hefur skilgreint sjálfstæða fjárskapandi einingu vegna Hrings hf. sem hefur sína eigin rekstraráætlun. Sem hluti af útteilingu á viðskiptavild, er endurheimtanlega fjárhæðin reiknuð með hliðsjón af nýtingarvirði.

Fjárskapandi eining er metin á sjálfstæðan hátt, þar sem væntingar um hagnað, vöxt tekna og rekstrarhagnað eru meðal helstu breyta í matinu. Rekstraráætlun byggir á rauntölum og framtíðar væntingum stjórnenda. Væntur meðalvöxtur tekna fyrir árin 2009-2013 er 5-6%. Stuðst var við 16,34% ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðar fjárflæði þar sem ávöxtunarkrafan tekur tillit til vegins meðaltals fjármögnunarkostnaðar sambærilegra fyrirtækja.

Það er mat stjórnenda að breytingar á helstu forsendum leiði til þess að bókfært verð viðskiptavildar verði herra en endurheimtanlegt virði.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
2008			
Óefnislegar eignir í ársbyrjun	4.755.361	836	4.756.197
Samruni við Sparisjóð Norðlendinga	497.151		497.151
Aðrar breytingar á árinu	(110.374)		(110.374)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	(3.824.139)		(3.824.139)
Afskriftir hugbúnaðar		(836)	(836)
Óefnislegar eignir í árslok	1.317.999	0	1.317.999
2007			
Óefnislegar eignir í ársbyrjun	1.393.969	114.577	1.508.546
Samruni við Sparisjóð Kópavogs	3.140.055		3.140.055
Önnur viðbót á árinu	221.337		221.337
Selt á árinu		(100.789)	(100.789)
Afskriftir á árinu		(12.952)	(12.952)
Óefnislegar eignir í árslok	4.755.361	836	4.756.197

Fjárfestingafasteignir

75. Fjárfestingafasteignir greinast þannig:

	2008	2007
Staða 1.1.	1.429.426	165.250
Fjárfestingar á árinu	2.542.246	1.264.176
Staða 31.12.	3.971.672	1.429.426

Aðrar eignir

76. Aðrar eignir greinast þannig:

	2008	2007
Óuppgerð hlutabréfaviðskipti	0	154.251
Ýmsar eignir	344.152	3.622.074
Áfallnar tekjur	1.495.205	114.414
Aðrar eignir	1.839.357	3.890.739

Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka

77. Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	2008	2007
Gjaldkræft	1.749.254	1.622.419
Allt að 3 mánuðir	194.771	1.421.899
3 mánuðir til 1 ár	4.678.238	7.783.209
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	6.622.263	10.827.527

Skýringar við ársreikninginn

Almenn innlán

78. Almenn innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2008	2007
Gjaldkræft	98.315.441	49.732.781
Allt að 3 mánuðir	4.092.926	3.941.305
3 mánuðir til 1 ár	3.682.337	2.650.343
1 til 5 ár	34.572.399	12.079.540
Yfir 5 ár	3.936.939	1.698.095
Almenn innlán	144.600.042	70.102.064

Lántaka

79. Lántaka greinist þannig:	2008	2007
Útgefin skuldabréf	14.715.596	10.478.869
Útgefnir vixlar	0	114.353
Lán frá fjármálafyrirtækjum	63.453.499	30.947.444
Lántaka	78.169.095	41.540.666

80. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2008	2007
Allt að 3 mánuðir	506.207	114.353
3 mánuðir til 1 ár	16.216.584	0
1 til 5 ár	33.588.464	16.696.279
Yfir 5 ár	27.857.840	24.730.034
Lántaka	78.169.095	41.540.666

Víkjandi lán

81. Víkjandi lán greinast þannig:				2008	2007
	Gjaldmiðill	Vextir	Gjalddagi	Bókfært verð	Bókfært verð
Lán sem nýtast sem eiginfjárfáttur B:					
Útgefin 2004, verðtryggð	ISK	4,5%	2014	1.620.984	1.127.420
Útgefin 2005, verðtryggð	ISK	4,5% - 7,5%	2015	1.336.702	1.129.021
Útgefin 2007, verðtryggð	ISK	7,0%	2019	314.263	0
				3.271.949	2.256.441

Lífeyrisskuldbinding

82. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:	2008	2007
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	1.170.380	923.134
Lífeyrisskuldbinding vegna samruna sparisjóða	0	46.272
Hækkun ársins	201.954	205.494
Greiddur lífeyrir	(5.836)	(4.520)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	1.366.498	1.170.380

Skýringar við ársreikninginn

Skatteign / Skattskuld

83. Skatteign greinist þannig:	2008	2007
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.477.117	1.480.557
(Tekjufærður) gjaldfærður tekjuskattur	(6.951.721)	1.684.521
Yfirtekið vegna samruna	156.488	246.463
Tekjuskattur til greiðslu	0	0
Aðrar breytingar	100.607	65.576
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í árslok	(3.217.509)	3.477.117

84. Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á milli liða:	2008	2007
Eignarhlutir í félögum	269.414	3.344.882
Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir	71.083	100.409
Aðrir liðir	87.654	236.871
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(3.645.660)	(205.045)
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	(3.217.509)	3.477.117

Aðrar skuldir

85. Aðrar skuldir greinast þannig:	2008	2007
Ógreiddur kostnaður	300.322	425.498
Ýmsar skuldir	2.665.607	1.855.843
Aðrar skuldir	2.965.929	2.281.341

Eigið fé

86. Heildarstofnfé sjóðsins nemur 30.615 millj. kr. um áramótin. Eigin stofnbref að fjárhæð 7 millj. kr. eru dregin frá stofnfé í efnahagsreikningi. Eigið fé í lok ársins nemur 16.213 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 8,3%. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Árið 2008 var fyrsta árið sem Byr reiknaði eiginfjárlutfall sitt í samræmi við Basel II regluverkið sem leysti eldra regluverk af hólmi. Helstu breytingar sem nýju reglurnar höfðu í för með sér voru að áhættugrunnur er samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu og rekstraráhættu sem starfssemi fjármálafyrirtækið felur í sér.

Hlutfallið reiknast þannig:	2008	2007
Heildar eigið fé	16.213.218	49.952.805
Viðskiptavild	(1.317.999)	(1.615.306)
Víkjandi lán	3.271.948	2.256.441
Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum	(2.823.563)	(7.208.995)
Eiginfjárgrunnur samtals	15.343.604	43.384.945

Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:	2008	2007
Útlánaáhætta	12.462.316	7.999.711
Markaðsáhætta	1.542.875	56.056
Rekstraráhætta	792.108	586.563
Eiginfjárfkrafa	14.797.299	8.642.330

Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	546.305	34.742.615
--	---------	------------

Eiginfjárlutfall	8,3%	40,2%
------------------------	------	-------

Skýringar við ársreikninginn

Liðir utan efnahagsreiknings

87. Samstæðan hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessir liðir greinast þannig:

	2008	2007
Ábyrgðir	4.644.744	2.711.797
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	5.875.994	6.816.024

Útlánaáhættan vegna veittra ábyrgða er metin á 4.186 milljónir króna við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar.

88. Þann 31. desember 2008 var félagið skuldbundið óuppsegjanlegum rekstrarleigusamningum á fasteignum, tækjum og búnaði. Húsaleigusamningarnir eru í samræmi við almenn kjör á leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði og ákvæði um breytingar á leigugreiðslum út frá verðvísitölum. Samningar eru vegna bifreiða og tölvubúnaðar og eru lengst til þriggja ára.

Veðsettar eignir

89. Heildarfjárhæð veðsettra fjáreigna til tryggingar á greiðslukerfum:

	2008	2007
Ríkisskuldabréf	1.666.418	0
Spariskírteini ríkissjóðs	399.165	287.732
Samtals	2.065.583	287.732

Tengdir aðilar

90. Tengdir aðilar sjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, sparissjóðsstjórar og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2008	2007
Lán til sparissjóðsstjóra	0	0
Lán til stjórnarmanna	35.535	32.132
Lán til hlutdeildarféлага	299.651	186.315

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2008.

Lán til atvinnurekstrar sem framangreindir aðilar standa að eru samtals að fjárhæð 2.072 millj. kr.

Upplýsingar um laun til æðstu stjórnenda og stjórnarmanna eru í skýringu 54.

Önnur mál

91. Byr sparissjóður starfar eftir þeim tilmælum sem sett hafa verið fram um góða stjórnunarhætti. Í því felst meðal annars að stjórn hefur sett sér starfsreglur til að tryggja jafnræði við umfjöllun og afgreiðslu mála sem koma fyrir stjórn sjóðsins til að tryggja óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Atburðir eftir lok reikningsárs

92. Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á ársreikningi 2008. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi til samþykktar.